

Fundarnúmer:	78
Dagsetning:	02.04.2008
Tími:	16:30
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

78. fundur Menningar- og tómstundaráðs haldinn í Ráðhúsi Húnaþings Vestra 2. apríl 2008 kl. 16.30. Mæting samkvæmt undirskrift

Dagskrá:

1. Þarfagreining v/Félagsmiðstöðvar
2. Skýrsla forstöðumanns bókasafns
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Sveinn Benónýson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir starfsemi félagsmiðstöðvar í nútíð og framtíð og kynnti hugmyndir að því að bæta við starfsemina og auka nýtingu húsnæðisins. Þegar horft er til framtíðar þarf að gera ráð fyrir stórum sal sem væri sameiginlegur fyrir kvikmyndasýningar og dans, leiktækjasal sem myndi rúma þau leiktæki sem fyrir eru plús mögulega viðbót og aðskilinn tölvuspilasal, einnig eru hug-myndir uppi um að setja inn í félagsmiðstöðina annarskonar starfsemi og verður það gert í samstarfi við nemendaráð Grunnskólans.

Að þessu loknu var farið í heimsókn í kjallara Félagsheimilis þar sem hugmyndin er að félagsmiðstöðin flytji í þegar fram líða stundir. Nefndin telur að það húsnæði sem er í boði í kjallara félagsheimilisins gæti fullnægt kröfum og þörfum félagsmiðstöðvarinnar ef hún fengi til umráða stóra salinn að norðanverðu út undir ganginn að vestan, gamla fundarsalinn og geymslur inn af honum (gamla Sjónaukaherbergið) ásamt forstofu og snyrtingum. Lögð verði áhersla á að ráðist verði í endurbætur á húsnæðinu svo að það verði boðlegt og henti þeirri starfsemi sem um ræðir ef til kemur.

2. Öðrum lið er frestað um óákveðinn tíma

3. Sveinn Benónýsson kynnti viðræður sem farið hafi fram um verkaskiptingu á umhirðu íþróttavalla og leiksvæða í Húnaþingi Vestra, þar sem óljóst er í einhverjum tilfellum í hvers verkahring það er, einnig kynnti hann bréf frá Sport-tækni ehf. þar sem þeir bjóða viðhaldsþjónustu við gervigrasvelli eins og þann sem stendur við Grunnskólann á Hvammstanga.

4. Már Hermannsson vakti athygli á því að engar upplýsingar hafi borist frá sveitarstjórn til Menningar- og tómstundarráðs um frístundakort sem til stendur að taka upp hjá sveitarfélaginu. Nefndin fagnar því engu að síður að til standi að taka upp slík kort, en hefði viljað fá að vera með í umræðunni þar sem að hennar mati heyri slíkt klárlega undir Menningar- og tómstundaráð.

5. Nefndin vekur athygli á því að upplýsingar um Menningar- og tómstundaráð á heimasíðu Húnaþings vestra hafi ekki verið uppfærðar nýlega og mætti bæta þar úr.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.28

Már Hermannsson(sign.), Pétur Arnarsson(sign.),
Sveinn Benónýsson(sign.), Hafdís Þorsteinsdóttir(sign.).